

2024

Ársskýrsla

FAB LAB

SAUÐÁRKRÖKUR



SKIRFAÐ AF:

Karítas S. Björnsdóttur

FAB LAB SAUÐARKRÓKUR

Er rekið af Hátæknisetri Íslands, að því standa Sveitarfélagið Skagafjörður, fulltrúar atvinnulífsins á svæðinu og Háskóli Íslands. Í desember árið 2024 var gerður samningur sem gildir fyrir 2024-26 milli **Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis** annars vegar og svo **Mennta- og barnamálaráðuneytis** hins vegar um fjárstuðning til Fab Lab smiðja á landinu. Einnig var gerður samningur við SSNV þar sem smiðjan sér um að þjónusta kennslu, ráðgjöf og aðstoð við einstaklinga, stofnanir og skóla á Norðurlandi vestra með þeim hætti sem eflir og styður við tækni og nýsköpun á svæðinu. Og í framhaldi þess var svo framlengdur rekstrarsamningur á milli þess og Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra sem gildir til 2026. Við smiðjuna starfa 2 starfsmenn sem deila einu stöðugildi.



KARÍTAS SIGURBJÖRG

er forstöðumaður smiðjunnar og hefur starfað í smiðjunni frá hausti 2017. Hún sér um daglegan rekstur, viðhald tækja og aðstöðu. Tekur á móti þeim sem sækja Opið hús, skipuleggur og kennir námskeið. Sér um að halda utan um samstarfsaðila.



JAN DABROWSKI

hóf störf í smiðjunni í febrúar 2024 og hefur verið ómetanlegur starfskraftur. Hefur komið inn með ferskar hugmyndir, breiðari hóp notenda og nýja þekkingu. Hann aðstoðar við Opið hús og námskeið ásamt því að búa til námsefni.

SAMSTARF

13

smiðjur á Íslandi

Smiðjan hefur lagt áherslu á að vera í góðu samstarfið við aðrar smiðjur á Norðurlandi sem og öllu landinu. Smiðjan er einnig partur af Fab Lab Ísland og hefur einsett sér að sinna því starfi vel. Smiðjan hefur einnig tekið þátt í formlegu samstarfi á milli Norrænna smiðja og er partur að Nordic Fab Labs [Nordic Fab Lab Network - Website of the Nordic Fab Lab Network \(nordicfablabs.org\)](http://nordicfablabs.org) og hefur sótt mánaðarlega fjarfundi eins og kostur er sem og að sækja Bootcamp ráðstefnur hennar eftir bestu getu. Þetta árið var krefjandi að mæta á fundi þar sem kennsla hjá FNV skaraðist við mánaðarlega fundi.



BOOTCAMP SELFOSS

TENGLA NET

MIKILVÆGUR HLEKKUR Í SAMSTARFI

Smiðjurnar hafa sett sér markmið að halda góðu tengslaneti um allt land, vikulegir fundir eru stór þáttur í því.

Einnig er haldin vinnustofuvika á vorin þar sem starfsmenn hittast, deila og öðlast nýja þekkingu hvert af öðru.

Þetta árið bauð Selfoss okkur til sín og var mjög gagnlegt og gaman. Fyrir áhugasama er hægt að kíkja á heimasíðuna sem var gerð fyrir fundinn og þar er hægt að finna kennslufni og námskeið sem var farið yfir. Smiðjan hér hefur nýtt sér þennan vettvang sérstaklega til að kynna nýtt námsefni og gefa þannig hinum smiðjunum innsýn í starfsemina okkar og efla sínar í leiðinni. Við vorum með námskeið í jesmonite og síðan hafa verið haldin námskeið á Húsavík, Akureyri og Selfossi.

[HTTPS://FAB-LAB-ISLAND.GITHUB.IO/FLI_BOOT_CAMP_2024/](https://fab-lab-island.github.io/FLI_BOOT_CAMP_2024/)



ALÞJÓÐA- SAMSTARF



FJÖLBREYTT TENGING

Alþjóðasamstarf var virkt þetta árið, við fengum nemendur frá Textilmiðstöð Íslands, Erasmus+ kennara og nemendur frá bæði Árskóla og FNV í heimsókn sem og gestakennara frá Danmörku sem var með áherslu á rafeindakennslu fyrir helgarnám FNV sem og annað innan smiðjunnar.

FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA



FJÖLBREYTT TENGING

Fjölbrautaskólinn hefur verið virkur þátttakandi í starfsemi smiðjuna, nemendur eru virkir notendur sem og ákveðin verkefni sem hafa fests í sessi, má þar nefna verðlaunagripa hönnun og gerð Fjörmöts hestadeildarinnar, merkingar á Íslensku kvikmyndaverðlaunin Eddan, Hönnun og gerð verðlaunagripa Verkið- iðnnemakeppni framhaldsskólanna, Erasmus+ verkefni þar sem við höfum fengið gesti og farið erlendis, þátttaka í vörumessu Ungra frumkvöðla og aðkoma að fá erlenda gestakennarar.

SKAGAFJÖRÐUR

INNVIÐIR

Fjöldmargir innviðir Skagafjarðar nýta sér smiðjuna með reglulegum hætti og einnig er smiðjan dugleg að taka þátt í ýmsum viðburðum með einum eða öðrum hætti. Má þar nefna grunnskólar, skammtímavistun, fræðsludagur, SumarTÍM, Héraðsbókasafnið og Félag eldir borgara.




ÁRSKÓLI

Nemendum í 8.-10. bekk gefst kostur á að taka Fab Lab smiðju sem valgrein.

HÉRAÐSBÓKASAFN

Gerði skemmtilegt verkefni, bók og bangsi og útbjuggu merкта poka fyrir verkefnið hjá fab lab.



SUMAR TÍM



59
KRAKKAR

á aldrinum 6-12 ára

Smiðjan hefur sett ríka áherslu á að gefa ungum sem eldri kost á að læra á það sem smiðjan hefur fram að færa. Þáttur í því er að bjóða upp á sumarnámskeið fyrir börn í 1.-7. bekk þar sem færri komast að en vilja.

Þar er börnum kennt að nota og umgangast tölvur, forrit og búnað smiðjunnar undir handleiðslu. Þau fá tækifæri til þess að nota sköpunarkraftinn til hinna ýmsu verkefna og hefur gefist vel. Þetta eru svo framtíðar notendur smiðjunnar sem eru þegar komin með forskot í notkun og hugsunarhætti sem nýtist vel í því starfi sem fer fram innan smiðjunnar sem og utan hennar.



NÁMSKEIÐ



FARSKÓLINN

Gott samstarf hefur verið á milli smiðjunnar og Farskólans og hefur verið fastur liður að bjóða upp á námskeið í því samstarfi. Á síðasta ári vorum við með nokkur slík og þar á meðal hvernig á að bera sig við notkun á laserskurði, lampagerð, skartgripagerð og jesmonite muna.



FAB LAB HÚSAVÍK


Á árinu var einnig farið í aðrar smiðjur og haldin námskeið, þar á meðal til Húsavíkur og Selfoss þar sem var haldið námskeið í gerð jesmonite muna. Var þar full hús áhugasamra sem hafa svo haldið ótrauð áfram og mikil sköpun í gangi þar.



FAB LAB AKUREYRI

Við fáum líka til okkar gestakennara og þar á meðal Árni frá smiðjunni á Akureyri, hann er flinkur forritari og kom og hélt námskeið hjá okkur í gerð á lampa. Nemendur lærðu öll skrefin í þeirri gerð og svo hvernig hann var forritaður til að skipta um liti og birtustig. Tókst mjög vel og þökkum við Árna vel fyrir.

NÁMSKEIÐ



Smiðjan hefur sett sér markmið að koma með eitthvað nýtt inn í smiðjuna með reglulegum hætti og eitt af því var að kynna og læra að nota neon flex LED borða til skiltagerðar.

Var þetta algjört tilraunaverkefni þar sem við fundum hentugt efni, bjuggum til námsefni frá grunni og enduðum með aðgengilegt og skemmtilegt verkefni sem hentar breiðum hópi notenda. Hlökkum svo til að sjá allar ólíku útgáfurnar sem eiga eftir líta dagsins ljós.

HEIMSÓKNIR OG NOTKUN

FJÖLDI

| | 2023 | 2024 |
|-------------------|------|------|
| Opið hús | 628 | 420 |
| Námskeið | 90 | 79 |
| Grunnskólar | 432 | 180 |
| Fjölbrautskóli NV | 66 | 328 |
| Sumar TÍM | 264 | 236 |

STUNDIR

| | 2023 | 2024 |
|--------------------|------|------|
| Opið hús | 296 | 254 |
| Grunnskólakennsla | 116 | 84 |
| Samstarfsverkefni | 147 | 91 |
| Námskeið | 152 | 190 |
| Viðhald og rekstur | 168 | 172 |

TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

| | 2023 | 2024 |
|-------------------------------|-----------|-----------|
| HVÍN | 4,000,000 | 5,000,000 |
| Mennta- og mennigarráðurneyti | 4,000,000 | 5,000,000 |
| Fjölbrautskóli NV | 3,656,500 | 3,826,530 |
| SSNV | 4,000,000 | 2,000,000 |
| Hátæknisetur Íslands | 2,000,000 | 2,000,000 |
| Námskeið/ efnisgjöld | 1,335,626 | 1,333,169 |

GJÖLD

| | | |
|--------------------|------------|------------|
| Laun | 10,243,160 | 11,902,880 |
| Rekstur | 939,449 | 208,869 |
| Ferðir og námskeið | 326,298 | 297,644 |
| Vélar og tæki | 4,823,447 | 2,636,459 |

ÁRANGURSMæLIKVARÐAR

NOTENDUR

| | 2023 | 2024 |
|------------------------------|------|------|
| Heildarfjöldi | 1279 | 1243 |
| Vikur sem var opið | 44 | 43 |
| Auglýstur opnunartími á viku | 12 | 11 |
| Raun opnunartími á viku | 34 | 30 |

ÞEKKINGAR SAMFÉLGA

| | | |
|-------------------------------|-----|-----|
| Námskeið á vegum Fab Lab | 8 | 2 |
| klst. | 25 | 9 |
| þátttakendur | 35 | 17 |
| Einingabær námskeið | 1 | 2 |
| Námskeið í samstarfi við aðra | 16 | 14 |
| klst. | 127 | 102 |
| þátttakendur | 319 | 138 |
| Kynningar og heimsóknir | 15 | 8 |
| Atvinnulíf | 5 | 4 |
| Einstaklingar | 3 | 4 |